HVALFJARÐAR
SVEIT

Ágæti viðtakandi

Menningar- og markaðsnefnd Hvalfjarðarsveitar er að vinna að verkefni sem felst í merkingu sögu- og merkisstaða. Reist verða skilti á a.m.k. 10 stöðum sem miðla sögu svæðisins til ferðamanna, innlendra og erlendra. Við hönnun skiltanna verður horft til skilta í söguhringnum í Dalabyggð sem að mati nefndarinnar eru einstaklega vel heppnuð. Þetta verkefni er mjög kostnaðarsamt eins gefur að skilja, en áætlanir gera ráð fyrir að hvert skilti kosti í hönnun og framleiðslu kr. 1.700.000- en síðan á eftir að koma þeim fyrir á þeim stöðum sem verða fyrir valinu og þar þarf að útbúa útskot frá veginum. Á einhverjum þessara staða sér nefndin einnig fyrir sér að hægt verði að koma upp borðum og bekkjum.

Við leitum til þín, sem forsvarsmanns fyrirtækis í Hvalfjarðarsveit, eftir styrk til þessa verkefnis svo hægt verði að framleiða og setja upp a.m.k. 2 skilti á þessu ári. Logó þeirra fyrirtækja sem styrkja verkefnið munu koma fram á skiltinu. Það er von okkar að þetta erindi fái jákvæða afgreiðslu og saman náum við að gera Hvalfjarðarsveit að enn áhugaverðari stað fyrir íbúa og ferðamenn.

Með bestu kveðju

Fh. Menningar- og markaðsnefndar Hvalfjarðarsveitar

Ása Líndal Hinriksdóttir

Sýnishorn af söguskilti úr Dalabyggð:

